



## Fræðslunefnd

### FUNDUR – 31. maí 2007

Fundur haldinn í fræðslunefnd Blönduósbæjar fimmtudaginn 31. maí kl. 17:00 í dómsal að Hnjúkabyggð 33. Mæting samkvæmt undirskriftum. Helga Kristín Gestsdóttir, formaður nefndarinnar setti fund og stjórnaði honum.

#### Dagskrá:

1. Aðferð við boðun á fræðslunefndarfundi
2. Staðfesting á Skóladagatali grunnskólans
3. Húsnæðismál grunnskólans
4. Næsta skólaár
5. Önnur mál

#### Afgreiðslur:

##### 1. Aðferð við boðun á fræðslunefndarfundi

Formaður fór yfir aðferðir við boðun á fræðslunefndarfundi. Samþykkt var að framvegis verði boðað til fundar rafrænt.

##### 2. Staðfesting á Skóladagatali grunnskólans

Þórhalla Guðbjartsdóttir, skólastjóri fór yfir tillögu að skóladagatali 2007-2008 og fundurinn samþykkti þá tillögu.

##### 3. Húsnæðismál grunnskólans

Skólastjóri fór yfir húsnæðismál skólans. Þar sem húsnæði smíðastofunnar er ónothæft til smíðakennslu er ákveðið að segja því húsnæði upp. Skóladagheimilið er orðið vel þéttsetið og er verið að skoða tilfærslur á því úr núverandi stofu í myndmenntastofuna. Stefnt er að því að flytja það á milli staða fyrir skólabyrjun í haust. Skólastjóri óskar eftir samstarfi við fræðslunefnd og bæjaryfirvöld um að móta í sameiningu framtíðarsýn í húsnæðis- og lóðamálum skólans.

##### 4. Næsta skólaár

Rætt var um starfsmannamál. Umsóknarfrestur rennur út 10. júní í kennarastöður og nánar verður fjallað um málið á næsta fundi.

##### 5. Önnur mál

Skólastjóri kynnti teikningu að gangbraut á vallarbraut og hraðahindrun með gangbraut á Húnabraut til að tryggja öryggi skólabarna og annarra vegfarenda. Fræðslunefnd fagnar þessum fyrirhuguðu framkvæmdum. Skólastjóri óskar eftir fundi með fræðslunefnd 12. júní nk.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:35

Helga Kristín Gestsdóttir (sign.)  
Erna Björg Jónmundsdóttir (sign.)  
Árný Þ. Árnadóttir (sign.)  
Auðunn Sigurðsson (sign.)  
Berglind Björnsdóttir, fulltrúi kennara (sign.)  
Hanna Jörgensen, fulltrúi foreldra (sign.)  
Þórhalla Guðbjartsdóttir, skólastjóri (sign.)

Jakobína Halldórsdóttir (sign.)